

Leiðbeiningar með umsókn um skráningu vörumerkis

Einungis má sækja um eina tegund vörumerkis á hverju eyðublaði.

Dæmi: Umsókn þar sem merkið felur í sér bæði texta og mynd (orð- og myndmerki) nær eingöngu til þeirrar útfærslu en **ekki** til textans eingöngu (orðmerki).

Að umsókn lokinni birtist greiðsluseðill merktur **Ríkissjóðsinnheimtur** í heimabanka skráðs eiganda, eða umboðsmanns umsóknarinnar hafi hann verið valinn. Greiðslufrestur er 30 dagar.

Mikilvægt er að réttar upplýsingar komi fram í umsókninni því ekki er leyfilegt að bæta upplýsingum við eftir að umsókn hefur verið lögð inn.

Ef eitthvað er óljóst hafið samband við Hugverkastofuna í síma eða í hugverk@hugverk.is.

1. Eigandi vörumerkis getur verið einstaklingur, einn eða fleiri, eða lögaðili.
2. Umsækjendur, hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtæki sem búsett eru á Íslandi **þurfa ekki** að skrá umboðsmann.

Einungis **umsækjendum með lögheimili erlendis** er skylt að hafa umboðsmann. Umboðsmaður þarf að vera lögráða.

Hugverkastofan krefst ekki afrits af umboði við innlögn umsóknar en getur kallað eftir því ef þörf krefur.

3. Veljið tegund merkisins.
 - a. Ef merkið felur í sér texta skráið hann í skyggða reitinn.
 - b. Ef merkið er mynd (myndmerki) eða felur í sér mynd og texta (orð- og myndmerki) sendið afrit af myndinni á jpg formi á hugverk@hugverk.is
4. Tilgreina þarf alltaf þá vöru og/eða þjónustu sem merkið á að standa fyrir. Flokkarnir eru 45. Veljið einn eða fleiri flokka. [Yfirskriftir flokkanna](#) (1-45) gefa vísbendingu um það hvaða vörur/þjónusta fellur undir hvern flokk. Listinn má vera á íslensku eða ensku. Honum má skila á sér blaði.

Einn vöru- eða þjónustuflokkur er innifalinn í umsóknargjaldi. Flokkagjald samkvæmt gjaldskrá bætist við fyrir hvern flokk umfram einn.

5. Forgangsréttur á einungis við ef þegar hefur verið sótt um merkið í öðru landi. Ekki má þó vera liðið lengra en sex mánuðir frá umsóknardeginum.

Þegar sótt er um skráningu vörumerkis t.d. hjá Hugverkastofunni, skapar umsóknin/skráningin forgangsrétt sem nýta má t.d. ef sótt er um í öðrum löndum. Vörumerkið verður þá að vera eins í báðum tilvikum og vöru- og þjónustulistinn má ekki vera víðtækari en fram kemur í íslensku grunnumsókninni.

6. **Umsókn byggð á 57. gr. vörumerkjálaga** á einungis við ef um alþjóðlega skráningu er að ræða sem gildir hér á landi og fallið hefur úr gildi innan fimm ára frá skráningardegi.

Sótt um á grundvelli 1. mgr. 34 gr. vörumerkjálaga á einungis við ef umsækjandi byggir umsóknina á merki sem þegar hefur verið skráð í öðru aðildarríki Parísarsamningsins.

7. Merkið við þau fylgigögn sem sendast með umsókninni.
 - a. **Lýsing er valkvæð** og á sjaldan við nema um hljóð-, hreyfi eða myndmerki sé að ræða. Merkinu er lýst í nokkrum orðum. Dæmi: Ef merkið er mynd af dreng sem heldur á grænni regnhlíf gæti lýsingin verið, Merkið sýnir mynd af dreng með græna regnhlíf.